

Svífðu litla, létta blað ...

5. tbl., 3. árg. ágúst 2014
Skóladeild Akureyrar

Heil og sæl öll og velkomin í skólann eftir sumarfrí!

Í vetur mun ég halda áfram á svipuðum nótum og áður með samvinnu við kennara, erlenda nemendur og foreldra þeirra. Nú þegar vitum við um nýja erlenda nemendur sem bætast í hópinn í Brekkuskóla og Oddeyrarskóla, auk þeirra sem hafa dvalið hér stuttan tíma og þurfa enn mikinn stuðning, t.d. í Síðuskóla. Ég hvet ykkur til að hafa samband ef þið þurfið aðstoð af einhverju tagi vegna erlendra nemenda ykkar. Ég mun skoða stöðuna í skólunum núna í ágúst og vil mjög gjarnan aðstoða ykkur í móttökuvíðtölum og taka til þau gögn sem okkur sýnist að geti komið sér vel fyrir nýja nemendur og foreldra þeirra. Í byrjun september ætti ég svo að vera komin með stundaskrá til að byrja skólaárið. Hún tekur svo breytingum eftir aðstæðum og þörfum þegar líður á skólaárið.

Ég var líka að hugsa um að taka mér það bessaleyfi að miðla hér ýmsum hugmyndum, héðan og þaðan, þó svo að þær tengist ekki aðeins námi og kennslu erlendu nemendanna okkar – en mér finnst um að gera að góðar hugmyndir berist til sem flestra. Og hér er sú fyrsta

... Séð á förnum vegi



Í sumar var ég á göngu um Fossvogsdalinn og fram hjá Snælandsskóla. Þar tók ég mynd af tveimur skemmtilegum hugmyndum – stórum „stafrófsdreka“ þar sem sérhljóðarnir voru málaðir gulir en samhljóðarnir hvítir og erlendir stafir mynduðu gaddana sem stóðu út úr drekanum. Girðingin kringum skólalóðina var líka skrautleg þar sem nemendur voru búnir að „vefa“ í hana með marglitum renningum. Þetta setti líflegan og skemmtilegan svip á umhverfið og er ef til vill hugmynd að útivinnu fyrir einhverja!



Skólalóð Snælandsskóla, sumar 2014





Tvítýngi hægir á öldrun heilans

Nýleg rannsókn frá Háskólanum í Edinborg leiðir í ljós að annað tungumál, hvort sem það lærist í bernsku eða á fullorðinsárum, hefur jákvæð áhrif á heilastarfsemi. Úr 262 manna úrtaki sem samanstóð ýmist af ellefu ára eða sjötugum tvítýngdum einstaklingum sýndi það sig að þeir sem bjuggu yfir öðru tungumáli en móðrumálinu stóðu sig betur í lestri, tjáningarhæfni og greind almennt.

http://www.mbl.is/frettir/taekni/2014/06/02/tvityngi_haegir_a_oldrun_heilans/



Utan úr heimi

Rakst á myndband þar sem fréttamaður frá BBC heimsækir skóla í London þar sem eru 600 nemendur og töluð 42 tungumál. Þar er lögð áhersla á að skólinn komi til móts við alla nemendur, óháð uppruna. Fréttamaður ræðir við nokkur börn og lítur inn í kennslustund þar sem við sjáum einmitt kennara kenna blönduðum hópi samheiti um ljós. Slík kennsla er mikilvæg fyrir alla, bæði þá sem eru að læra um móðurmál sitt og þá sem eru að læra mál sem sitt annað tungumál. Stutt og


skemmtilegt myndband: <http://www.bbc.com/news/education-27281414> (mér sýnist best að afrita þennan streng og horfa svo – hann virkar allavega ekki hjá mér þegar ég klikka bara á hann ☺)



Nú erum við á skóladeildinni að vinna að bæklingum með upplýsingum um leikskóla og grunnskóla fyrir erlenda foreldra. Í fyrstu umferð stefnum við á að þeir verði til í rafrænu formi (og prentaðir eftir þörfum) á ensku, pólsku og tailensku, auk íslenskunnar.

Leikskólabæklingurinn er nær alveg tilbúinn og grunnskólabæklingurinn er í vinnslu. Myndin hér til hliðar gefur hugmynd um útlit bæklinganna og þeir verða vonandi tilbúnir fyrir leikskólastigið á ensku og pólsku núna í þessari viku og tailensku innan skamms. Ítarlegri upplýsingar um leikskólastigið eru einnig komnar á síðu

skóladeildar á ensku og pólsku: <http://www.akureyri.is/skoladeild/leikskolar>



*Með von um skemmtilegt og öflugt
samstarf í vetur!
Bestu kveðjur,*

Helga